

Minnisblað

Tilvísun: 5663219-000-AMO-0007 Tilvísun verkkaupa: 2020.10.19
Til: Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi

Efni: **Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningu jarðstrengja Lækjartúnslínu 2 og Selfosslínu 2 - Rangárþing ytra**

Landsnet áformar að leggja 132 kV jarðstreng, Lækjartúnslínu 2 (LT2), milli nýs tengivirkis sem reist verður í landi jarðarinnar Lækjartúni Ásahreppi og tengivirkis Landsnets á Hellu. Jarðstrengurinn er um 15,3 km langur og samanstendur af þremur 800 mm² einleiðarastrengjum sem verða lagðir í sama skurð og eru tólf samtengingar á strengleiðinni.

Auk þess áformar Landsnet að leggja 1,2 km jarðstreng, frá núverandi loftlínu Selfosslínu 2 að nýja tengivirkinu við Lækjartún. Jarðstrengurinn samanstendur af þremur 630 mm² einleiðarstrengjum sem verða lagðir í sama lagnaskurð en án samtenginga.

Óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu á annars vegar jarðstrengja fyrir Lækjartúnslínu LT2 og hins vegar fyrir lagningu jarðstrengja sem tengir Selfosslínu 2 og nýja tengivirkið í Lækjartúni.

Fyrir liggja samningar við alla landeigendur er framkvæmdina varðar.

Eftirfarandi gögn fylgja með umsókn þessari.

- Framkvæmdalýsing
- Kort af fyrirhugaðri strenglegu

Virðingarfyllt,

Sigurður Sigurjónsson

Rafmagnsverkfræðingur

Afrit: Víðir Már Atlason